



Sjálfsmatsskýrsla Marbakka 2026

Skólaárið 2025 til 2026 endurmetið

Inngangur

Leikskólaárið 2025 til 2026 hófst mjög vel. Ágætlega gekk að manna í lausar stöður að hausti og aðlögun var lokið að mestu í byrjun september. Nýr deildarstjóri hóf störf í ágúst og tveir aðrir leikskólakennarar komu í starfsliðið sem var mikill styrkur fyrir leikskólastarfið í Marbakka.

Mikilvægur þáttur í leikskólastarfi er að meta starfið með kerfisbundnum hætti og bregðast við með umbótaverkefnum þegar vísbendingar eru um að þess sé þörf. Til að skólastarf sé í þróun þarf það stöðugt að vera í endurmati og umbótaverkefni eru mikilvægur liður svo það megi vera.

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmat sem fór fram í Marbakka skólaárið 2025 til 2026. Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir að mestu leyti og gagnaöflun höfð sem fjölbreyttust. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskönnun meðal foreldra, viðhorfskannanir meðal starfsfólks, markvissum umræðum starfsfólks um starfið og útfylling starfsfólks deilda á matslistum um læsi og samskipti, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans.

Skýrsluna tók saman Alda Agnes, leikskólastjóri. Unnar voru samantektir úr sérhverri viðhorfskönnun ýmist af Öldu Agnesi leikskólastjóra, Steinunni aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjórum og í fyrsta skipti var gervigreind nýtt til að vinna samantektir úr viðhorfskönnunum. Unnur Ólöf sérkennslustjóri lagði mat á sérkennsluna í vetur en aðrir í stjórnendateymi leikskólans rýndu í niðurstöður viðhorfskannana, lásu yfir sjálfsmatsskýrsluna og komu með ábendingar. Allt starfsfólk leikskólans ásamt foreldraráði höfðu tækifæri til að lesa sjálfsmatsskýrsluna og koma með athugasemdir og fyrirspurnir.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Efnisyfirlit.....	3
Umbótalistinn fyrir skólaárið 2025-2026 yfirfarinn.....	4
Viðhorfskönnun meðal foreldra.	5
Niðurstöður af endurmatsfundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins.....	6
Námstækifæri barna - matslistar.....	7
Samantekt á svörum starfsfólks við endurmatsspurningum vor 2026	8
Viðhorfskönnun Prósents meðal starfsfólks Kópavogs í mars 2026.	9
Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2020.	10
Endurmat sérkennslunnar.	11
Símenntunaráætlun endurmetin.	12
Matsáætlun vegna skólaársins 2025 – 2026 endurmetin.	13
Samantekt	14
Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2026-2027	14

Umbótalistinn fyrir skólaárið 2025-2026 yfirfarinn.

- Þegar barn flyst á milli deilda á leikskólanum skal koma á tengslum foreldra við deildarstjóra nýju deildarinnar.

Í viðhorfskönnun foreldra í mars 2026 koma fram vísbendingar um að við getum gert betur þegar kemur að flutningi barna á milli deilda.

- Bæta upplýsingagjöf til foreldra varðandi samstarf við Barnaskóla Kársness.

Í viðburðarbæklingi til foreldra elstu barnanna var dregið fram það samstarf við Kársnesskóla sem fyrirhugað var þó ekki lægju alltaf fyrir dagsetningar. Viðburðarbæklingurinn var aftur sendur um áramót með áherslu á samstarf sem var fyrirhugað á vorönninni. Í viðhorfskönnun meðal foreldra kom fram mikil aukning á tilfinningu foreldra um að í Marbakka væri áhersla lögð á samstarf við grunnskólann og að börnin fengu að kynnast starfi hans.

- Skerpa á upplýsingagjöf til foreldra varðandi dagsetningar á starfsárinu sem áhrif hafa á venjubundinn dag foreldra.

Sendur var til foreldra einblöðungur með helstu dagsetningum skólaársins sem hafa áhrif á þeirra daglegu rútinu. Svo sem upptakomum í leikskólanum sem foreldrum er boðið að vera á, skipulagsdaga, skráningardaga o.s.frv. Viðbrögð foreldra voru góð og þetta er eitthvað sem við eigum að gera aftur í haust.

- Auka hæfni starfsmanna að vinna með fjölbreyttan hóp nemenda í daglegu starfi leikskólans.

Fræðslan um starf í anda Reggio Emilia var sett inn í faghópsumræður í fyrsta umræðu hring en í þeim er lögð áhersla á að vinna út frá styrkleikum barna og því viðhorfi að börnin eru hæfileikarík. Rætt um hlutverk hins fullorðna og hans virkni til að vinna með hugmyndir barnanna. Vinna í kringum málstefnuna og umræður í faghópum um hvernig allt starfsfólk hefur hlutverk í málörvun barna í daglegu starfi bætti getu starfsfólks til að mæta börnum með íslensku sem annað tungumál.

- Fræðsla um hvernig allir starfsmenn hafa hlutverk í málörvun barna í daglegu starfi og í samverustundum.

Málstefna Marbakka var kláruð og mikilvægi inntaks málstefnunnar rætt í seinni faghópsumræðum vor 2026. Í viðhorfskönnun meðal starfsfólks kemur fram að samtalið um málstefnuna og umræðurnar í faghópunum skerpa á meðvitund starfsfólks um hlutverk sitt í málörvun allra barna.

- Gera skal deildafundi að vettvangi fyrir faglegar umræður og ákvarðanatökur.

Deildarfundir voru festir í skipulag á hálfsmánaðarfresti á Læk, Lundi og Ósi. En skipulag á Bóli og Bakka látið í hendur deildarstjóra. Spurt var um í viðhorfskönnun starfsfólks vor 26 hvort þeir væru ánægðir með skipulag deildarfunda og voru svörin misjöfn en fleiri en færri fannst ekki hafa gengið vel að halda í það skipulag á deildarfundum sem var gert í haust. Mjög fáir deildarfundir voru á sumum deildum á meðan aðrar náðu að hafa þá reglulega.

- Auka virka þátttöku allra starfsmanna í umræðum um starfið.

Mjög misjafnt var á milli deilda hvort starfsmönnum fannst þeir taka virkan þátt í umræðum um starfið. Þeir sem tóku lítinn þátt bentu á að ef deildarfundir væru ekki haldnir vantaði vettvang.

- Að allir starfsmenn sem þurfa að undirbúa starfið fái undirbúningstíma óháð kjarafélagi.

Spurt um þetta á deildarstjórafundum í janúar og í lok apríl og í viðhorfskönnun meðal starfsfólks. Deildarstjórar segjast reyna að koma öllum í undirbúning samkvæmt skipulagi líka þeim sem ekki eiga kjarasamningsbundinn rétt. Nokkrir þeir sem ekki eiga kjarasamningsbundinn rétt sögðust sjaldan hafa farið í undirbúning og það væri ekkert skipulag hvenær þeir færu.

- Starfsmenn fræðast um félagsfærni og vináttu leikskólabarna til að stuðla að betri félagslegri líðan barnanna.

12. nóv. á skipulagsdegi fór fram fræðslan: „Hafa börn nægan þroska til að sitja undir stýri? Mikilvægi þess að setja börnum skýr mörk“. Einnig var umræðuefnið í fyrsta faghópshringum dæmi um flóknar upptakomur í samskiptum barna bæði við önnur börn og fullorðna.

Í viðhorfskönnun barna í maí/júní 2026 voru börnin spurð „hvernig eru krakkarnir í leikskólanum við þig?

- Setja samráðstíma sérkennslustjóra og deildastjóra fast niður á viku, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn í kringum foreldraviðtölin.

Gekk vel og samkvæmt áætlun.

Verkefni tengd eftirfylgni og skólaþróun.

- Klára málstefnu Marbakka snemma hausts 2025 og virkja hana sem leiðarvísi fyrir starfsmenn.

Gert.

- Gera læsistefnu Marbakka, gefa hana út í febrúar 2026

Læsisstefnan gefin út í byrjun júní 2026.

- Styðja við færni starfsfólks að leiðbeina börnum sem sýna erfiða hegðun.

12. nóv. á skipulagsdegi fór fram fræðslan: „Hafa börn nægan þroska til að sitja undir stýri?“ Í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2026 var það spurt um getu sína að bregðast við óæskilegri hegðun. Fannst starfsfólki að fræðslan hafi bætt færni þeirra til að bregðast við erfiðri hegðun en þetta er klárlega oft stærsta áskorunin í starfinu.

- Uppfæra áfallaáætlun Marbakka og gefa út haust 2025.

Gert en ekki gefin út fyrr en vor 2026

Viðhorfskönnun meðal foreldra.

Viðhorfskönnun meðal foreldra var gerð í febrúar 2026 á vegum Skólapúlsins. Svarhlutfall var 90,5%, sem gefur trausta og marktæka mynd af viðhorfum foreldra. Niðurstöðurnar endurspeglar sterkt faglegt starf, gott námsumhverfi og jákvæða upplifun barna, en jafnframt koma fram skýr tækifæri til umbóta á sviði upplýsingamiðlunar, samskipta og ferla tengdum flutningi milli deilda. Ánægja foreldra með leikskólann er mikil og samræmist vel niðurstöðum fyrri ára. Ánægja barna er afar jákvæð og 97,2% foreldra telja að börnum þeirra líði vel í leikskólanum. Holt mataræði fær 100% ánægju og er einn skýrasti styrkleiki leikskólans. Foreldrar meta einstaklega vel fagmennsku og aðstöðu leikskólans.

Aðstaða og námsumhverfi skora 95,1% og foreldrar telja að börnin hafi öruggt og hvetjandi umhverfi. Þátttaka án aðgreiningar er einnig mjög há (95,5%). Viðhorfskönnunin bendir til að hægt sé að bæta flutning barna milli deilda en það kom út í 81,5% ánægju. Félagslegir þættir skora 89,4% sem er undir landsmeðaltali. Foreldrar vilja áframhaldandi áherslu á vináttu, jákvæða hegðun og þjálfun í lausn ágreinings.

Hlutfall þeirra sem hafa fengið sérfræðiþjónustu eða stuðning er undir landsmeðaltali. Þetta getur bent til minni þarfar eða minni sýnileika þjónustunnar og gefur tilefni til að rýna ferli og fræðslu.

Foreldrar eldri barna gefa lægra mat á húsnæði og aðstöðu en yngri. Nokkrar deildir skora lægra í upplýsingamiðlun og tengslum, sem bendir til mögulegra sértækra umbótataækifæra.

Foreldrakönnunin staðfestir sterkt faglegt starf en jafnframt skýr umbótataækifæri í samskiptum, ferlum og upplýsingamiðlun. Markviss vinna á þessum sviðum getur aukið enn jákvæðari upplifun fjölskyldna.

Umbótaverkefni:

- Leggja áherslu á að börn sem færast á milli deilda í leikskólanum og foreldrar þeirra nái tengslum strax í upphafi skólaárs við starfsfólk nýju deildarinnar.

Leið 1: Deildarstjórar gefa sig á tal við foreldra allra nýju barnanna fyrir lok ágúst. Ef þeir hafa ekki náð tali af öllum þeim foreldrum fyrir þann tíma í fataherbergi eða á deildinni, skalt hringt í þá, kynna

sig og veita þeim upplýsingar um sig, starfsfólkið á deildinni, með hvaða hætti og á hvaða tímum er best á hafa samband við deildarstjóra ef eitthvað kemur uppá.

Tími: Fyrir 1.sept. 2026

Mat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028. Athuga hjá deildarstjórum hvort þetta var gert eða ekki gert þegar farið verður yfir umbótalistann í maí 2027.

Ábyrgð: Deildarstjórar á deildinni sem tekur við barni.

Leið 2: Foreldrum er sýnd deildin sem barnið er að flytjast á og þeir kynntir fyrir deildarstjóra og eða starfsfólki deilda eins og hægt er. Þetta er gert fyrir sumarlokun.

Tími: fyrir 7. júlí 2026.

Mat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028. Athuga hjá deildarstjórum hvort þetta var gert eða ekki gert á deildarstjórafundum í september.

Ábyrgð: Deildarstjórar á deildinni sem barnið flyst af.

- Bæta upplýsingagjöf til nýrra foreldra að hausti um starfsaðferðir leikskólans og farsældina.

Leiðir: Allir nýir foreldrar fá stuttan kynningarfund með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra á aðlögunartímanum t.d. á 3ja degi aðlögunar. Þeir eru saman á fundi sem eru samtímis í aðlögun.

Tími: Á aðlögunartíma barnsins.

Mat: Spurt um aðlögun í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

- Auka færni starfsfólks til að styðja við uppbyggileg félagsleg samskipti í barnahópnum þannig að öll börn læri umburðarlyndi og færni að vera í samskiptum við fjölbreyttan hóp barna.

Leiðir: 1. október á skipulagsdegi verði fenginn utanaðkomandi aðili með fræðslu fyrir starfsfólk sem er til þess að draga úr félagslegum átökum og stuðla að því að sem flestir geti leikið við flesta.

Námskeið sem kemur inn á tengsl og tilfinningargreind

Tími: 1. október 2026

Mat: Deildarstjórar á aldursblönduðu deildunum meta í janúar á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar hvernig þeim hefur tekist að styðja við góð félagsleg samskipti allra barnanna á deildinni.

Aftur metið á deildarfundum í apríl lok eða byrjun maí.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjórar.

Niðurstöður af endurmatsfundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins

Á endurmatsfundi foreldra var meðal annars farið yfir þau umbótaverkefni sem sett voru fram eftir endurmatsfundinum frá í maí 2025. Einnig var farið yfir niðurstöður skólapúlsins í viðhorfskönnun meðal foreldra frá því í mars 2026. Rætt var um flutning á milli deilda en niðurstöður þess liðs kom betur út núna mars 2026 en í könnun mars 2025. Það komu samt fram vísbendingar þetta árið í niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar að enn sé tækifæri til umbóta þegar kemur að upplýsingagjöf til foreldra í kringum flutning barna á milli deilda. Foreldrar höfðu óskað eftir að fá sérstakt upplýsingablað að hausti með öllum dagsetningum á leikskólaárinu sem hefðu áhrif á daglegt líf foreldra. Á endurmatsfundinum núna komu fram óskir um að allar þessar dagsetningar séu komnar inn í leikskóladagatalið þar sem nú er hægt að keyra skóladagatalið beint inn í dagatöl sem fólk er með á símunum sínum. Umræður voru um leikskólalóðina og öll sammála um að það væri kominn tími á að hún verði endurgerð. Farið var yfir verklag sem gert var árið 2022 annarsvegar varðandi íþad notkun í leikskólastarfinu og hinsvegar hvenær sætmeti er á boðstólum og ákveðið að halda áfram með bæði en uppfæra orðalag og tala um skjátíma en ekki íþad notkun. Einnig kom fram á endurmatsfundinum að margir foreldrar vita ekki hverjir eru með barninu þeirra á deild eða með þeim í kór elstu barna og spurt hvort hægt væri að vera með betri kynningu en bara þennan morgunverðarfund í september.

Umbótaverkefni:

- Festa alla viðburði skólaársins sem foreldrar geta tekið þátt í á ákveðnar dagsetningar í upphafi skólaárs.

Leiðir: Allar dagsetningar sem innihalda þátttöku foreldra hvort sem það eru allir foreldrar eða bara foreldrar elstu barnanna verða tilbúnar í byrjun skólaárs og settar inn í skóladagatalið.

Tími: Búið í lok júní 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

- Verklag varðandi skjánotkun og neyslu sætmetis í Marbakka endurskoðað.

Leiðir: Farið verður yfir það verklag sem gert var 2022 varðandi skjánotkun og hvenær sætmeti er á boðstólum og það uppfært.

Tími: Ágúst 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

- Stuðla að frekari kynningu til foreldra á aldursblönduðu deildum hvaða börn eru á deildunum og hverjir eru í kór elstu barna.

Leiðir: Breyta morgunkaffinu á deildum í september þannig að foreldrar kynnist betur. Tekin er hópmynd af kórnum í upphafi skólaárs sem send verður á foreldra barnanna til að þeir geti rætt við börnin hver heitir hvað og á hvorri deildinni þeir eru.

Tími: September 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

Námstækifæri barna - matslistar

Starfsfólk deilda fór yfir matslista sem er ætlað að meta námssviðið „læsi og samskipti“ sem er eitt af fjórum námssviðum leikskóla. Hin eru heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Á hvert eru allir leikskólar Kópavogsbæjar að meta sama námssviðið og nota til þess matslista sem búinir voru til í samvinnu fjölmargra kennara og starfsfólks í leikskólum Kópavogs. Misjafnt var á milli deilda hvað þættir námssviðsins þörfuðust úrbóta að mati starfsfólks en starfsfólk deildanna settu fram umbótaverkefni fyrir deildina þegar þörf var á því og munu nýta þau til uppbyggingu starfs á næsta skólaári. Vísbendingar komur frá nokkrum deildum að það vantaði upp á að börnin sýndu náttúrunni virðingu.

Umbótaverkefni:

- Námssviðið „læsi og samskipti“

Leiðir: Unnið verður með þau umbótaverkefni sem starfsfólk deilda setti fram á matslistanum sjálfum og metið jöfnum höndum á deildarfundum. Að auki verður matslistinn vegna „heilbrigði og vellíðan“ hafður til hliðsjónar í starfinu frá hausti 2026 en það er það námssvið sem meta á næstkomandi skólaári.

Tími: Allt skólaárið 2026 til 2027

Ábyrgð: Deildarstjórar

Endurmat: Á deildarfundum

- Auka virðingu barnanna fyrir náttúrunni.

Leiðir: Starfsfólk ræðir við og vekur máls á náttúrunni og umgengni barnanna við hana. Ræðir við börnin um meðferð þeirra á trjáum, ormum, sniglum o.s.frv. Lögð sé áhersla á samtal um náttúruna í vettvangsferðum og þegar fylgst er með umgengni barnanna við smádyr og gróður í garði.

Tími: Á deildastjórafundum í september verður rætt um hvernig við viljum ræða um náttúruna við börnin og á skipulagsdegi í nóvember eigum við samtal við allt starfsfólk um þetta.

Tími: Allt skólaárið

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Á deildarfundum og deildarstjórafundum.

Samantekt á svörum starfsfólks við endurmatsspurningum vor 2026

Rætt var við starfsfólk í tveimur rýnihópum, annarsvegar þeir sem eiga kjarasamningsbundinn undirbúningstíma og hins vegar þeir sem ekki eiga hann.

Hvernig gengur þér að vinna með fjölbreyttum hópi barna í daglegu starfi leikskólans s.s. hvíld, fataherbergjum, matmálstímum o.s.frv. ? Hvað gengur vel? Hvað gengur síður vel?

Spurningin snýst um að vinna með fjölbreyttum hópi án þess að getuskipta þeim. Starfsfólk segir að það gangi ágætlega hjá sér, stundum mjög vel, en stundum illa en það væri auðveldara ef hægt væri að getuskipta þeim. Stundum eru börnin illa upplögð og erfitt þegar við vitum ekki af uppákomum heima sem valda vanlíðan hjá börnunum. Starfsfólk sem er í starfsmannafélagi Kópavogs koma af þremur deildum, tveimur yngri barna deildum og einni aldursblandaðri. Á yngri barna deildum gengur betur að mæta fjölbreyttum hópi en það er samt þannig að oft er ákveðinn kennari á yngri barna deild sem „á“ barnið sem vantar stuðning, það er, barnið leitar bara til þess starfsmanns og lítið gert í því að tengja það öðru starfsfólki. Það reynir minna á hjá starfsmönnum yngri barna deilda að vinna með fjölbreyttum hópi barna því fjölbreytni í hópnum er minni þar sem aldursbilið er minna. Starfsfólk talar um að gott sé að valdefla börnin og fá þau til að gera sjálf til að mæta fjölbreytileika í barnahópnum

Deildarfundir, hvernig hefur gengið að hafa reglulega deildarfundir á skólaárinu?

Ekki hafa verið reglulegir deildarfundir á yngri barnadeildum og eitthvað stopult á þeim eldri. Á annarri yngri barna deildinni talar starfsfólk mikið saman og á hvíldartíma barna gefst tími til að samræma og tala saman eins og ef um deildafund væri að ræða. Á hinni deildinni er minna samtal hjá starfsmönnum deildarinnar. Það hefur gengið brösuglega á öllum deildum, skipulagið hélt ekki og það gleymdist stundum að halda fundina og það kom fyrir að það vantaði fundarstað. Fólk vill gjarnan hafa reglulega deildarfundir.

Upplifir þú að þú takir þátt í ákvarðanatökum í leikskólanum?

Starfsfólk sem á kjarasamningsbundinn rétt á undirbúningstímum upplifði að það tæki þátt í ákvarðanatökum og það væri spurt álits. Þeim fannst upplýsingaflæðið gott á skipulagsdögum. Starfsfólk í starfsmannafélagi Kópavogs sagði já og nei sem svarið við þessari spurningu. Sumu fannst þau ekki hafa aðkomu að viðfangsefnum og skipulagi deildarinnar á meðan öðru fannst þau hafa áhrif og það hélst í hendur við samtal og samvinnu á deildum. Starfsfólk vill hafa tækifæri til að leggja til málanna.

Hvenær tekur þú þátt í umræðum um starfið í leikskólanum? Finnst þér þú hafa næg tækifæri til að taka þátt í umræðum um starfið?

Starfsfólk með kjarasamningsbundinn rétt á undirbúningstímum talaði um að það tæki mjög oft þátt í umræðum um starfið. Það væri á fagfundum, starfmannafundum, skipulagsdögum og í undirbúningstímum. Starfsfólk í starfsmannafélagi Kópavogs sagði að það þurfa að vera tímar til samtals og ef deildarfundir væru haldnir reglulega þá ættu flestir að hafa stað og stund til að ræða um starfið á leikskólanum.

Í haust var gert skipulag varðandi undirbúningstíma starfsfólks svo að allt starfsfólk kæmist í að minnsta kosti 1 tíma á viku í undirbúning þó svo að þeir eigi ekki rétt á kjarasamningsbundnum

undirbúningstímum. Hefur þú farið í undirbúningstíma í samræmi við skipulagið? Ef ekki hvað hefur komið í veg fyrir það?

Yngri barnadeildir hafa ekki sett fast skipulag á undirbúningstíma þeirra sem ekki eiga hann kjarasamningsbundinn. Misjafnt er hvort fólk hafði farið í undirbúning, sumir nánast aldrei og alls ekki klukkutíma á viku á meðan aðrir fóru vikulega en eitthvað var verið að hringla með tímasetningar og stundum væri tíminn minni en skipulagður var vegna þess að samstarfsfólk skilaði sér ekki til að viðkomandi kæmist frá.

Í haust lögðum við áherslu á að fræðast um viðbrögð starfsfólks við óæskilegri hegðun barna bæði með því að hafa námskeiðið „Hafa börn nægan þroska til að sitja undir stýri?“ Og fyrstu faghópsumræðurnar á skólaárinu snérust um dæmi af óæskilegri hegðun. Að hvaða leyti hefur þessi fræðsla hjálpað þér við að takast á við óæskilega hegðun?

Það eru áskoranir sem fylgja því að takast á við erfiða hegðun og flest sem höfðu tekið þátt í faghópumræðunni í haust og hlustuðu á fyrirlesturinn sögðust hafa fengið ráð og verkfæri til að grípa til þegar þau væru að fást við erfiða hegðun. En þetta eru stóru verkefnin í starfinu og samvinna starfsfólks skiptir miklu máli þegar unnið er með erfiða hegðun.

Umbótaverkefni:

- Styrkja teymisvinnu á deildum.

Leiðir: Haldnir verði reglulegir deildarfundir á öllum deildum. Þeir festir í skipulag á hálfsmánaðarfresti og nýta deildarfundir til að styðja við teymisvinnu deilda. Fræðsla um teymisvinnu.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Skipulagt í september og fræðsla í nóvember á skipulagsdegi.

Endurmat: Spurt um teymisvinnu deilda í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2027.

- Auka virka þátttöku alls starfsfólks í umræðum um starfið.

Leiðir: Festa deildarfundir hálfsmánaðarlega og nýta þá til að virkja allt starfsfólk til þátttöku í umræðum um starfið. Deildarstjórar leggja áherslu á teymisvinnu deilda.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Búið sé að koma skipulagi á deildarfundir á hálfsmánaðar fresti þann 1. október 2026.

Endurmat: Farið yfir það í janúar á deildastjórafundir hvernig haustið hefur gengið hvað varðar deildarfundir og skipulagið endurbætt ef það þarf. Aftur farið yfir þetta á deildastjórafundir að vori og allt starfsfólk spurt að þessu í viðhorfskönnun starfsfólks í maí 2027.

- Að allt starfsfólk fái undirbúningstíma óháð kjarafélagi.

Leiðir: Undirbúningstími starfsfólks sé vel skipulagður, tímaplan hvenær hver er í undirbúningi, klukkan hvað og hvernig er hann leystur mönnunarlega á deildum. Þeir sem ekki eiga undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningi fá skipulagðan klukkutíma á viku.

Ábyrgð: Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri.

Tími: Komið í framkvæmd í byrjun nóvember 2026.

Endurmat: Rætt á deildarstjórafundir í janúar hvernig gengur með undirbúningstímana og endurskipulagt ef ekki gengur nógu vel.

Viðhorfskönnun Prósents meðal starfsfólks Kópavogs í mars 2026.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir starfsfólk í mars 2026. Þátttaka var góð og gefur hún áreiðanlega mynd af viðhorfum starfsfólks. Starfsánægja er góð, hollusta mjög há og tryggð sterk. Starfsfólk sýnir mikla skuldbindingu gagnvart vinnustaðnum. Næsti yfirmaður fær mjög háar einkunnir sem bendir til trausts, góðrar leiðsagnar og jákvæðrar stjórnunarupplifunar. Samstarf og starfsandi eru mjög góð. Starfsfólk upplifir gott samstarf, jákvæð samskipti og tilgang í starfi sínu. Helstu áskoranir snúa að

vinnuálagi og mönnun. Merki eru um streitu og kulnun sem geta haft áhrif á vellíðan starfsfólks. Starfsskilyrði eru ásættanleg og starfsöryggi mjög hátt. Starfsfólk metur starfsmannasamtöl gagnleg og hefur áhuga á fræðslu um samskipti, álagsstjórnun og forrit. Ekkert einelti eða áreitni mælist sem bendir til öruggs starfsumhverfis. Leikskólinn Marbakki er sterkur vinnustaður með góða stjórnunarhætti og jákvæðan starfsanda. Helstu umbótatækifæri liggja í að draga úr vinnuálagi, bæta mönnun og styrkja stuðning við vellíðan starfsfólks.

Umbótaverkefni:

- Unnið að minnka vinnuálag og streitu meðal starfsfólks.

Leiðir: Stjórnendur fá fræðslu um með hvaða hætti þeir geti minnkað vinnuálag og dregið úr streitu hjá starfsmönnum.

Tími: Á haustönn 2026

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Spurt um þetta í viðhorfskönnun meðal starfsfólks á vorönn 2027 og í ytra mati 2028.

Viðhorfskönnun meðal barna fædd 2020.

Viðhorfskönnun fór fram meðal barna fædd 2020 í lok maí 2026. Það voru 19 börn í árganginum og 16 vildu svara öllum spurningunum 1 nokkrum en 2 engum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá spurningarnar sem börnin voru spurð að og talan sem er fyrir aftan matskvarðann segir til um hversu mörg börn svöruðu með þeim hætti.

Hvernig líður þér að koma í leikskólann?	oftast vel	14	stundum vel	2	sjaldan vel	1
Hvernig líður þér í matstofunni?	oftast vel	15	stundum vel	1	sjaldan vel	
Hvernig líkar þér maturinn í Marbakka?	oftast vel	16	stundum vel		sjaldan vel	1
Hvernig líður þér á fagnaðarfundum?	oftast vel	14	stundum vel	2	sjaldan vel	
Hvernig eru krakkarnir í leikskólanum við þig?	oftast góðir	10	stundum góðir	7	sjaldan góðir	
Hvernig finnst þér í kór?	oftast gaman	15	stundum gaman	1	sjaldan gaman	
Hvernig líkar þér við kennarana á deildinni þinni?	oftast vel	16	stundum vel	1	sjaldan vel	
Hvernig finnst þér í samverustundum?	oftast vel	14	stundum vel	3	sjaldan vel	
Hverju ræður þú í leikskólanum?	Flest sögðust ráða hvað ég má leika en einn sagðist eiginlega engu ráða.					

Árlega hafa börnin í elsta árgangi tekið þátt í mati að vori til á skólaárinu sem er að líða. Við höfum spurt þau að sömu eða svipuðum spurningum milli ára varðandi ákveðna þætti til að geta borið saman viðhorf barnanna.

Umbótaverkefni:

- Starfsfólk fræðist um félagsfærni og vináttu leikskólabarna til að stuðla að betri félagslegri líðan og inngildingu allra barna.

Leiðir: Fræðsla um inngildingu og vináttu barna. Umræður og jafningjafræðsla um vináttu barna í fyrsta eða öðrum hring í faghópsumræðum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: Hausti 2026

Endurmat: Viðhorfskönnun barna í maí/júní 2027 og í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2027

Endurmat sérkennslunnar.

Sérkennslustjóri tók saman þetta endurmat júní 2026.

Stöðugildi í sérkennslu voru 2,75 frá ágúst til febrúar en í mars bættist við eitt stöðugildi vegna nýs nemanda. Fjórir kennarar hafa sinnt þessum störfum, þrír leikskólakennarar og einn þroskaþjálfari. Allir sérkennarar hafa ákveðin börn sem þeir sinna og með reglulegu samráði deila þeir reynslu og þekkingu til að koma sem best til móts við þarfir barnanna. Grunur um einhverfu, CP lömun og frávik í málþroska voru helstu ástæður sérkennslu. Sérkennarar komu að málum 36 barna í mis langan tíma, sumum jafn og þétt yfir veturinn en öðrum tímabundið vegna vægari frávika. Börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálagrunn voru 29 þetta skólaárið. 11 eiga annað foreldrið íslenskt en hjá 18 eru báðir foreldrar af erlendum uppruna, þau koma frá 13 löndum og tala 14 tungumál.

Sérkennslustjóri er tengiliður leikskólans við farsældina og var innleiðingin í Marbakka metin með leikskólaráðgjafa frá Kópavogsbæ. Staðan metin mjög góð en það sem vantaði upp á var úrræðalisti fyrir þjónustu á fyrsta stigi og það þarf að bregðast við því.

Umbótaverkefni:

- Gerður verður úrræðalisti fyrir þjónustu farsældar á fyrsta stigi og hann hafður aðgengilegur starfsfólki og foreldrum.

Leiðir: Lausnateymi Marbakka vinnur í samvinnu að gerð úrræðalistans.

Tími: Búið 1. september 2026

Ábyrgð: Sérkennslustjóri

Símenntunaráætlun endurmetin.

Pátttakendur	Markmið	Fór fram já eða nei
Allt starfsfólk	Upplýsingagjöf, fræðsla og vettvangur fyrir ákvarðanatökur	já
Allt starfsfólk	Endurmat á líðan og starfi hvers og eins starfsmanns	já
Allt starfsfólk	Að hrista saman starfsfólk sem kemur til með að vinna saman næsta skólaár. Rútuferð á Selfoss og hádegismatur þar	Nei, gekk ekki upp
Allt starfsfólk	Hlustun, mikilvægi þess að við hlustum á hvert annað bæði börn og starfsfólk.	já
Allt starfsfólk	Starfsmenn auki leikni sína að styðja við íslenskukunnáttu allra nemenda.	já
Allt starfsfólk	Að starfsfólk myndi sér skoðanir og ræði um hvernig leikskólalóðir eru bestar. Það fer að koma að Marbakka að gera upp lóðina og þetta er liður í undirbúningi.	Já
Allt starfsfólk	Fræðsla til allra starfsmanna um starfsaðferðir Reggio Emilia með áherslu á daglegt starf leikskólans s.s. samverust., hvíld, útiveru og frjálstan leik	já
Allt starfsfólk	Auka hæfni starfsmanna til að draga úr erfiðri hegðun barna með það að markmeiði að börnum líði betur.	já
Allt starfsfólk	Dýpka þekkingu starfsmanna á félagsfærni barna, vináttu og samskiptum.	já
Allt starfsfólk	Þátttaka allra starfsmanna í umræðum um fagleg mál	já
Stjórnendateymið	Deildastjórahandleiðsla	já
Stjórnendateymið	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis og endurmat.	já

Einn háskólamenntaður starfsmaður stundaði nám við HÍ í leikskólakennarafræðum, viðbót við annað háskólanám, á fyrra ári og gerði námssamning við Kópavogsbæ. Hann hyggst ljúka náminu vor 2027.

Annar starfsmaður hyggst hefja nám í leikskólakennarafræðum frá HA næsta haust.

Matsáætlun vegna skólaársins 2025 – 2026 endurmetin.

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2025-2026. **Gert**
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum. **Gert**
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2026. **Gert**
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í mars 2026 **Gert af Prósent allir starfsmenn Kópavogs**
- Umbótaáætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2026. **Gert**
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2026. **Gert**
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2026. **Gert**
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2026. **Gert**

Matsþættir	2025-2026	
Stjórnun		
Faglegt samstarf	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, á deildarstjórafundum og deildarfundum.
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra. Endurskoðun áfallaáætlunar og gerð máls- og læsisstefnu allir starfsmenn á skipulagsdögum og í nefndum.
Uppeldis- og menntastarf		
Skipulag náms og námsaðstæður	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, endurmat deilda vor 26 og mat á deildarstjórafundum og deildarfundum.
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, á deildarfundum, lausnateymisfundum og fundum sérkennsluteymisins.
Námssvið leikskólans	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, endurmat deilda vor 26, lausnateymisfundir og fundir sérkennsluteymisins.
Leikskóli margbreytileikans	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, lausnateymisfundir og fundir sérkennsluteymisins.
Mat á námi og velferð barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, lausnateymisfundir og fundir sérkennsluteymisins.
Mannauður		
Hlutverk leikskólakennara	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og Viðhorfskönnun meðal foreldra
Fagmennska starfsfólks	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og Viðhorfskönnun meðal foreldra
Starfsánægja	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og Viðhorfskönnun meðal foreldra
Leikskólabragur		
Velferð og líðan barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2020, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Innra mat		
Skipulag og viðfangsefni	x	Borið saman við kröfur sem koma fram í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingarskyldu.
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	Borið saman við kröfur sem koma fram í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingarskyldu.
Opinber birting og umræður	x	Borið saman við kröfur sem koma fram í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingarskyldu.

Samantekt

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2025 til 2026. Mikilvægur tilgangur sjálfmats er að setja fram umbætur þegar matið sýnir að ástæða sé til. Hér á eftir eru listuð upp þau umbótaverkefni sem fyrirhugað er að fara í á næsta starfsári.

Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2026-2027

Umbótaverkefni:

- Leggja áherslu á að börn sem færast á milli deilda í leikskólanum og foreldrar þeirra nái tengslum strax í upphafi skólaárs við starfsfólk nýju deildarinnar.

Leið 1: Deildarstjórar gefa sig á tal við foreldra allra nýju barnanna fyrir lok ágúst. Ef þeir hafa ekki náð tali af öllum þeim foreldrum fyrir þann tíma í fataherbergi eða á deildinni, skalt hringt í þá, kynna sig og veita þeim upplýsingar um sig, starfsfólkið á deildinni, með hvaða hætti og á hvaða tímum er best á hafa samband við deildarstjóra ef eitthvað kemur uppá.

Tími: Fyrir 1.sept. 2026

Mat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028. Athuga hjá deildarstjórum hvort þetta var gert eða ekki gert þegar farið verður yfir umbótalistann í maí 2027.

Ábyrgð: Deildarstjórar á deildinni sem tekur við barni.

Leið 2: Foreldrum er sýnd deildin sem barnið er að flytjast á og þeir kynntir fyrir deildarstjóra og eða starfsfólki deilda eins og hægt er. Þetta er gert fyrir sumarlokun.

Tími: fyrir 7. júlí 2026.

Mat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028. Athuga hjá deildarstjórum hvort þetta var gert eða ekki gert á deildarstjórafundum í september.

Ábyrgð: Deildarstjórar á deildinni sem barnið flyst af.

- Bæta upplýsingagjöf til nýrra foreldra að hausti um starfsaðferðir leikskólans og farsældina.

Leiðir: Allir nýir foreldrar fá stuttan kynningarfund með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra á aðlögunartímanum t.d. á 3ja degi aðlögunar. Þeir eru saman á fundi sem eru samtímis í aðlögun.

Tími: Á aðlögunartíma barnsins.

Mat: Spurt um aðlögun í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

- Auka færni starfsfólks til að styðja við uppbyggileg félagsleg samskipti í barnahópnum þannig að öll börn læri umburðarlyndi og færni að vera í samskiptum við fjölbreyttan hóp barna.

Leiðir: 1. október á skipulagsdegi verði fengin utanaðkomandi aðili með fræðslu fyrir starfsfólk sem er til þess að draga úr félagslegum átökum og stuðla að því að sem flestir geti leikið við flesta. Námskeið sem kemur inn á tengsl og tilfinningargreind

Tími: 1. október 2026

Mat: Deildarstjórar á aldursblönduðu deildunum meta í janúar á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar hvernig þeim hefur tekist að styðja við góð félagsleg samskipti allra barnanna á deildinni. Aftur metið á deildarfundum í apríl lok eða byrjun maí.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjórar.

- Festa alla viðburði skólaársins sem foreldrar geta tekið þátt í á ákveðnar dagsetningar í upphafi skólaárs.

Leiðir: Allar dagsetningar sem innihalda þátttöku foreldra hvort sem það eru allir foreldrar eða bara foreldrar elstu barnanna verða tilbúnar í byrjun skólaárs og settar inn í skóladagatalið.

Tími: Búið í lok júní 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

- Verklag varðandi skjánotkun og neyslu sætmetis í Marbakka endurskoðað.

Leiðir: Farið verður yfir það verklag sem gert var 2022 varðandi skjánotkun og hvenær sætmeti er á boðstólum og það uppfært.

Tími: Ágúst 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

- Stuðla að frekari kynningu til foreldra á aldursblönduðu deildunum hvaða börn eru á deildunum og hverjir eru í kór elstu barnanna.

Leiðir: Breyta morgunkaffinu á deildum í september þannig að foreldrar kynnist betur. Tekin er hópmynd af kórnum í upphafi skólaárs sem send verður á foreldra barnanna til að þeir geti rætt við börnin hver heitir hvað og á hvorri deildinni þeir eru.

Tími: September 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

- Náms sviðið „læsi og samskipti“

Leiðir: Unnið verður með þau umbótaverkefni sem starfsfólk deilda setti fram á matslistanum sjálfum og metið jöfnum höndum á deildarfundum. Að auki verður matslistinn vegna „heilbrigði og vellíðan“ hafður til hliðsjónar í starfinu frá hausti 2026 en það er það náms svið sem meta á næsta skólaár.

Tími: Allt skólaárið 2026 til 2027

Ábyrgð: Deildarstjórar

Endurmat: Á deildarfundum

- Auka virðingu barnanna fyrir náttúrunni.

Leiðir: Starfsfólk ræðir við og vekur máls á náttúrunni og umgengni barnanna við hana. Ræðir við börnin um meðferð þeirra á trjám, ormum, sniglum o.s.frv. Lögð sé áhersla á samtal um náttúruna í vettvangsferðum og þegar fylgst er með umgengni barnanna við smádyr og gróður í garði.

Tími: Á deildastjórafundum í september verður rætt um hvernig við viljum ræða um náttúruna við börnin og á skipulagsdegi í nóvember eigum við samtal við allt starfsfólk um þetta.

Tími: Allt skólaárið

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Á deildarfundum og deildarstjórafundum.

- Styrkja teymisvinnu á deildum.

Leiðir: Haldnir verði reglulegir deildarfundir á öllum deildum. Þeir festir í skipulag á hálfsmánaðarfresti og nýta deildarfundum til að styðja við teymisvinnu deilda. Fræðsla um teymisvinnu.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Skipulagt í september og fræðsla í nóvember á skipulagsdegi.

Endurmat: Spurt um teymisvinnu deilda í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2027.

- Auka virka þátttöku alls starfsfólks í umræðum um starfið.

Leiðir: Festa deildarfundum hálfsmánaðarlega og nýta þá til að virkja allt starfsfólk til þátttöku í umræðum um starfið. Deildarstjórar leggja áherslu á teymisvinnu deilda.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Búið sé að koma skipulagi á deildarfundum á hálfsmánaðar fresti þann 1. október 2026.

Endurmat: Farið yfir það í janúar á deildastjórafundum hvernig haustið hefur gengið hvað varðar deildarfundum og skipulagið endurbætt ef það þarf. Aftur farið yfir þetta á deildastjórafundum að vori og allt starfsfólk spurt að þessu í viðhorfskönnun starfsfólks í maí 2027.

- Að allt starfsfólk fái undirbúningstíma óháð kjarafélagi.

Leiðir: Undirbúningstími starfsfólks sé vel skipulagður, tímaplan hvenær hver er í undirbúningi, klukkan hvað og hvernig er hann leystur mönnunarlega á deildum. Þeir sem ekki eiga undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningi fá skipulagðan klukkutíma á viku.

Ábyrgð: Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri.

Tími: Komið í framkvæmd í byrjun nóvember 2026.

Endurmat: Rætt á deildarstjórafundum í janúar hvernig gengur með undirbúningstímana og endurskipulagt ef ekki gengur nógu vel.

- Unnið að minnka vinnuálag og streitu meðal starfsfólks.

Leiðir: Stjórnendur fá fræðslu um með hvaða hætti þeir geti minnkað vinnuálag og dregið úr streitu hjá starfsmönnum.

Tími: Á haustönn 2026

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Spurt um þetta í viðhorfskönnun meðal starfsfólks á vorönn 2028.

- Starfsfólk fræðist um félagsfærni og vináttu leikskólabarna til að stuða að betri félagslegri líðan og inngildingu allra barna.

Leiðir: Fræðsla um inngildingu og vináttu barna. Umræður og jafningjafræðsla um vináttu barna í fyrsta eða öðrum hring í faghópsumræðum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: Haust 2026

Endurmat: Viðhorfskönnun barna í maí/júní 2027 og í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2027

- Gerður verður úrræðalisti fyrir þjónustu farsældar á fyrsta stigi og hann hafður aðgengilegur starfsfólki og foreldrum.

Leiðir: Lausnateymi Marbakka vinnur í samvinnu að gerð úrræðalistans.

Tími: Búið 1. september 2026

Ábyrgð: Sérkennslustjóri

Umbótaverkefni önnur.

- Handbók um snemmtæka íhlutun verður endurskoðuð.

Leiðir: Handbókin yfirfarin og uppfærð. Lausnateymi byrjar á vinnunni og skiptir verkum meðal starfsfólks eins og þörf er á. Tillaga að uppfærði handbók fer til umsagnar fyrst til deildarstjóra og svo gerð opin öllum starfsmönnum og foreldraráði til umsagna.

Tími: Skólaárið og lokið við hana í maí 2027

Ábyrgð: Sérkennslustjóri

Mat: Gert eða ekki gert þegar farið er yfir umbótalistann vor 2027.

- Kynning á farsældinni til foreldra, barna og starfsfólks.

Leiðir: Gera áætlun um með hvaða hætti við farsældin er kynnt fyrir foreldrum, nýjum foreldrum, starfsmönnum og börnum.

Tími: Búið fyrir 1. september 2026

Ábyrgð: Lausnateymið

Mat: Þegar umbótalistinn er yfirfærður vor 2027 og á lausnateymisfundi farið yfir hvort áætlunin hafi staðist vor 2027.

- Auka þekkingu starfsfólks á hvernig við getum enn frekar stutt við nemendur með íslensku sem annað tungumál.

Leiðir: Stjórnendur sækja sér fræðslu um hvernig hægt er að styðja við íslenskukunnáttu barna sem eru með annað tungumál en íslensku sem móðurmál. Lögð áhersla á að deildarstjórar afli sér fræðslu á haustönn og svo komi fræðsla fyrir allt starfsfólk á vorönn.

Tími: Skólaárið 2026 til 2027

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Mat: Í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2027 verður spurt hvernig starfsmönnum finnst þeim takast að örva íslenskuna hjá börnum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

- Uppfæra skólanámskrá Marbakka og bregðast við athugasemdum sem komu nýlega frá leikskóladeild.

Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri bregðast við þeim athugasemdum sem komu frá leikskóladeild vorönn 2026. Lokið var við endurskoðun á Skólanámskrá Marbakka í október 2024.

Tími: Haustönn 2026

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Mat: Gert eða ekki gert þegar farið er yfir umbótalistann.